

KJARVAL

25% afsláttur
1574 KR. KG
 SS lambalæri villihöftlauks

40% afsláttur
1769 KR. KG
 Móa kjúklinga-bringur

20% afsláttur
399 KR. PK.
 Grillborgarar m/brauði 4stk

25% afsláttur
1889 KR. KG
 SS Hunt's BBQ lærissneiðar

40% afsláttur
2699 KR. KG
 USU humar góðir halar

350 g
198 KR. STR.
 Góða hrásalat og kartöflusalat

71
298 KR. STR.
 Emmess skaffis vanillu, súkkul. og cappuccino

469 KR. PK.
 Þorpac maísstönglar 8stk

198 KR. STR.
 Góða brauðsalöt

398 KR. STR.
 Göl salami 300g

499 KR. STR.
 Meistara djöflaterta 1/2

399 KR. KG
 Paprika rauð og gul

12 stk í pk
1199 KR. PK.
 Lambi sumar-eldhúsrúttur 12stk

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Lokað

vegna sumarleyfis.

Hárgreiðslustofan mín verður lokað vegna sumarleyfis til 12. ágúst og aftur frá 18. ágúst til 1. september.

Með sumarkveðju
 Jóna, Klaustri.

Til sölu

Rautt, Kilimanjaro, tveggja ára, 21 gira kvenmannshjól, lítið notað, verð 5-10 þús. Hjálmur fylgir með

Uppl. gefur Ona í síma 517 - 3060 á Hótel Núpum eða Sigga í síma 860 - 4111

Til sölu

Kvígur, komnar að burði

Uppl. í síma 487 1372

VITINN á
www.sudurland.net

Ágætu félagar

Nú er austfjarðarferðin á næstunni
 Farið verður frá Skaftárskála mánudaginn 11. ág. kl. 9.00

Þeir sem hafa pantað í ferðina og geta af einhverjum ástæðum ekki mætt láti Jón Þorbergsson vita fyrir laugardaginn 2. ágúst
 Ferðanefnd

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmedferð.

Verð á Klaustri
 5. og 6. ágúst
 þriðjudag og miðvikudag.


Áhugasamir pantið
 tíma í síma 587-2999
 eða 866-0474

Sigrún Inga



SMÁAUGLYSINGAR

31. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 30. JÚLÍ 2008



Bænhúsið að Núpsstað

Guðspjónusta verður í bænhúsinu að Núpsstað í Skaftárhreppi sunnudaginn 3. ágúst 2008 og hefst kl. 14:00.

Séra Ingólfur Hartvigsson sóknarprestur predikar og þjónar fyrir altari.

Brian Roger Haroldsson organisti, leikur á orgel og leiðir almennan safnaðarsöng.

Fjölmennum til guðspjónustunnar og eigum þar notalega stund.

Ingólfur Hartvigsson,
sóknarprestur.

Gefins:

Góður nuddbekkur m/dýnu stærð 74cm x 2m.
Uppl. s. 487 1429

Hlutavelta!

Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps og Kvenfélagið Hvöt verða með hlutaveltu í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, laugardaginn 2. ágúst kl. 14.

Ágóðanum verður varið til íþróttamannvirkja á Klaustri. Margir góðir vinningar. Engin núll.

Sjáumst í félagsheimilinu á laugardaginn og styrkjum gott málefni.

Nefndin.

Nýtt í Vík fyrir konur

Slökunarnudd
Svæðanudd
Heilsunudd með ilmmedferð

Tímapantanir samkvæmt
samkomulagi
í síma: 693 58 91 eða 487 11 17

Erika Pauler, Sigtúni 5, 870 Vík

(geymið auglýsinguna)

Border Collie hvolpar

Nokkrir duglegir 2 mánaða Border Collie hvolpar eru tilbúnir til að yfirgefa hreiðrið og finna sér góð framtíðarheimili.

Upplýsingar í síma 487-4704 eða 892-2638



Að tryggja upp á dönsku

Nú er orðinn síður fyrir austan að tryggja með framtönnunum; en það eru ekki allir sem vita af hverju það kemur til.

Mér var sagt á einum bæ þetta héti að tryggja upp á dönsku og þá fór ég að reyna það líka; þá varð ég allt í einu þolinmóður og iðinn að nema, þó ég væri lúinn í kjálkunum og yrði að éta háltuggið á daginn, þá bættist mér tvöfalt upp á nóttunni. Mig dreymdi þá ég væri kominn á kjól og kynni að tryggja upp á dönsku og hló þá stundum hátt upp úr svefninum þegar ég sá hunda bíta bein eða bændur á peysu sem tuggðu með jöxlunum.

Prestsdóttirin átti bágara en ég; hún var bæði ung og fríð og hafði viðkvæma samvisku, en þrekið vantaði og styrkleika sálarinnar til að leggja hart á sig og læra það sem mest reið á: að tryggja upp á dönsku, eins og faðir hennar; þegar hún hugsaði út í það, flóði hún stundum öll í tárur og sagði guð hefði ekki gefið sér jaxlana til annars en syndga.

Þá kom Hjörleifur sterki á mórauðri úlpu og hafði bundið reipi um sig miðjan. Hann kenndi í brjóst um stúlkuna og hugaði hana eins og hann gat. Hann stakk atgeirnum á kaf ofan í jörðina, setti frá sér 50 fjórðunga kistu sem hann bar á bakinu og stökk upp á bæjarkampinn þar sem við sátum, prestsdóttirin og ég, og tók svo til

orða: „Þú átt ekki að gráta, fuglinn minn! Þó þér hafi orðið það á að tryggja með jöxlunum; ég skal segja þér, hvernig þessi hinn nýi síður er kominn upp í sveitinni. Hér kom maður útlendur og hafði misst jaxlana í Danmörku; hann varð þá að nota framtönnurnar, vesalingur, og tryggja með þeim eins og hann gat. En svo komu prestar og sáu það til hans og tóku það eftir honum og síðan hver af öðrum. Þessum mönnum hefnist nú fyrir og hafa þeir gjört sig að athlægi af því þeir fóru að tryggja upp á dönsku“.

Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I. bindi

Vísur vikunnar:

Að eiga lund sem æ er góð og elskuríka mildi.
Að lifa fyrir litla þjóð og leggja gott í andans sjóð.

Alltaf líkist E og É
einnig C-ið G-i.
Pínulítið p og b
þar ei ð-ið t-i

Höfundur: Sigurgeir Þorvaldsson
„Sláni“ Um höfund: Uppl. vantar.

BALL! BALL!

Hljómsveitin Napoleon leikur fyrir trylltum dansi sunnudaginn 3. ágúst um verslunarmannahelgina í félagsheimilinu Kirkjuhvoli að loknum brekkusöngnum!

Stuðið byrjar á miðnætti!
Aðeins 2.000 kr. inn!
16 ára aldurstakmark!

::::: Allir að mæta! :::::



Myndir teknar á syðsta kaffihúsi landsins sem staðsett er í Reykisfjöru við bæinn Garða í Mýrdal, á efri myndinni er eigandinn, Elsa Ragnarsdóttir. Þarna er hin huggulegasta aðstaða eins og sést á neðri myndinni. Myndir: Jónas Erlendsson



Frestur til að skila inn athugasemdum framlengdur -

Auglýsing um deiliskipulagstillögu í Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 9. júní 2007 að auglýsa til kynningar eftirfarandi deiliskipulag í Skaftárhreppi . samkv. 1. málsgrein 25 og 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Hálendismiðstöðin Hólaskjólí tillaga að deiliskipulagi.

Deiliskipulagstillagan tekur til Hálendismiðstöðvarinnar Hólaskjólís við Lambaskarðshóla og aðliggjandi aðstöðu fyrir ferðalanga. Svæði fyrir tjöld og tjaldvagna eru skipulögð austan við núverandi skála. Þrír 150 m² byggingarreitur fyrir gistiskála allt að 15 m² að stærð, byggingarreitur 200m² fyrir allt að 20 m² stóran landvarðarskála og 50m² byggingarreitur fyrir salernisaðstöðu og 500 m² fyrir hesthús eru skipulagðir. Svæði fyrir leikvöll , hesta- og fjárgerði eru skilgreind.

Skipulagsuppdrettir, skýringarkort og umhverfisskýrsla munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps, slóðin: [<http://www.klaustur.is/?i=51&expand=46-51>] frá 7.júlí 2008 til 31.ágúst 2008. Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík á sama tíma. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps fyrir 31. ágúst 2008 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps

Vegamál

Nýlega var opnað á Mýrdalshreppi, útboð í endurbætur tveggja gatna í Vík, þ.e. Árbraut út að Víkurbraut og Bakkabraut, frá Árbraut upp fyrir Bakkabraut 16 en þar er ein lóð sem óbyggt er á. Þarna er um að ræða 30 ára gamalt deiliskipulag, sem nú á að framkvæma að hluta til, er lagnavinna í þessu verki og síðan klæðning um magn-tölur segir í auglýsingu frá Mýrdalshreppi í Vitanum 2. júlí:

Gröftur og fylling.	1500 m ³
Jöfnunarlag	2500 m ²
Slitlag	2500 m ²
Frárennslislagirnir	330 m
Sandföng	20 stk
Brunnar	6 stk

Tilboð var opnað 21. júlí á skrifstofu hreppsins

Eitt tilboð barst í verkið frá Framrás ehf

Tilboð m.v. Klæðningu 6.951.000

Tilboð m.v. Malbiki 12.076.000

Kostnaðaráætl. m.v. Klæðingu 6.405.000

Kostnaðaráætl. m.v. Malbik 9.480.000

Framrásarmenn hafa að undanförunni unnið í Ásólfskálaveginum, í því verki var líka vegurinn upp að Sólheimum og nýr vegur upp að Byggðasafninu í Skógum ásamt bílplani, en eitthvað er óklárt með það verk.

Þá vinnur Bíladrangur, þ.e. þeir feðgar, Guðjón og Atli í Nykhól, að vegarkafli austur í Meðalland, sunnan við afleggjarann að Fossum og Arnardrangi og langleiðina niður að Steinsmýri, þ.e. undirbygging og klæðning og eitt ræsi. Þessu verki á að skila fyrir 1. sept. nk. En farið er að síga á seinni hlutann á verkinu.

E

Hvalur á Kirkjufjöru

Í síðustu viku rak á land 7,5 m langa Andarnefju á Kirkjufjöru, sunnan undir Dyrhólaey.

Hvalurinn mun allöngu dauður enda farinn að úldna. Andarnefjan er djúpsjávarhvalur, sem heldur sig að mestu utan landgrunnins.

Ekki mun ákveðið hvernig hvalnum verður fyrirkomið en öllum moksturs-tækjum er ófært á staðinn.

Mynd af hvalnum birtist í laugardagsblaði MBL tekin af ferðamanni, sem þarna átti leið um.

ANDARNEFJA

(Hyperoodon ampullatus) Stærð fullvaxinna karldýra í hafinu umhverfis landið er að meðaltali 8,4 m og 7½-8½ tonn og kvendýra 6-7 tonn. Lífslíkur eru 40-60 ár. Trýnið er mjótt og ennið hátt og hvelft. Í því er mjög feitt lýsi, líkt og í búrhvalnum, sem notað var m.a. í hægðatregðulyf og húðkrem. Tvær 2-4 sm langar tennur eru fremst í neðra skolti. Sporðurinn er ekki klofinn og liturinn er dökkgrár, en neðra borðið nokkru ljósara.

Tekið af "Nat Norðurferðir".



Merkingar á Reynisfjöru

Að sögn MBL sl. laugardag, hefur Slysavarnarfélagið Landsbjörg ákveðið að láta setja upp varúðarskilti í fjörunni ásamt bjarghringjum. Er þetta vegna undangenginna atburða. E.



Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 -2014

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 12. mars 2007 að auglýsa til kynningar eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014. samkv. 1. málsgrein 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 við Lakagíga.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til eftirfarandi þátta:

1. Núverandi verslunar og þjónustusvæði (V10) við Blágil verður dvalarstaður landvarða og tjaldsvæði.
2. Nýtt verslunar og þjónustusvæði (V11) er staðsett á Galta. Þar verður upplýsingamiðstöð með móttöku landvarða, snyrtiaðstaða en engin gisting.
3. Nýr tengivegur er skilgreindur frá Galta að slóða vestan við Laufbalavatn og þaðan eftir núverandi slóða sem liggur að Miklafelli.
4. Núverandi vegaslóði um þröng og torfarin gil við Blæng verður lagður af.
5. Ný reiðleið fylgir tengiveginum frá Galta að reiðleið vestan við Laufbalavatn.
6. Nýjar gönguleiðir eru skilgreindar frá þjónustuhúsi á Galta að Blágiljum og að Tjarnargíg.
7. Ný gönguleið er skilgreind af Lakagígavegi rétt vestan við Blágil og í Hrossatungur.
8. Gönguleið sem þverar Skaftá er færð frá kláf sunnan við Sveinstind suður fyrir Uxatinda.

Tillagan er í samræmi við samþykktu tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, Lakagígasvæðið innan Skaftafellsþjóðgarðs, sem er í staðfestingarferli.

Skipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri frá 30. júlí 2008 til 27. ágúst 2008. Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík á sama tíma. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, Kirkjubæjarklaustri fyrir 10. september 2008 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps